

KJÖRVARI 22 Pallaolía



KJÖRVARA 22 eru öflug rotvarnarefni og mjög ljósheld litarefni bundin vatnsheldum alkýðolíum. KJÖRVARI 22 er þunnfljótandi, smýgur vel inn í viðinn og veitir góða vörn gegn veðrun.

KJÖRVARI 22 er gagnsær og hylur ekki viðaræðarnar heldur framkallar og skýrir. Litaður KJÖRVARI 22 ver viðinn vel gegn niðurbroti af völdum sólarljóss. Ekki er ráðlegt að nota eingöngu glæran KJÖRVARA 22.

Litir: KJÖRVARI 22 má blanda fjölda lita í STOFN.



KJÖRVARI 22 er gagnsæ viðarvörn einkum ætluð á gagnvarinn við utanhúss, t.d. palla, skjólveggi o.fl

Undirbúningur: Flöturinn sem mála á, skal vera þurr (< 18% raki) og hreinn. Bestur árangur næst þegar viðurinn er meðhöndlaður nýr og stendur ekki óvarinn utanhúss. Gráma á yfirborðinu skal fjarlægja með **VIÐARSKOLA** eða slípun fyrir meðhöndlun með **KJÖRVARA 22**.

Efnismeðferð: Fyrir notkun skal

hræra vel upp í dósinni. Mála má með pensli, svampi eða sprautu. Hugsanlegt umframmagn sem ekki gengur inn í viðinn, skal þurrka af eftir 10-15 mín.

Notkun: (A) Nýr óvarinn viður: Jafnan ætti að bera 2-3 umferðir á flötinn. **(B)** viðhaldsmeðhöndlun: Ein til tvær umferðir með glærum KJÖRVARA 22 eða ein í lit og önnur með glærum. Bera skal á flötinn á 1-2 ára fresti, allt eftir þörfum.

Hreinsun áhalda: Með VOLGU SÁPUVATNI eða penslasápu stax eftir notkun.

Efnisnotkun: ÓHEFLAÐUR VIÐUR: 4-6 fermetrar á lítra í umferð.

HEFLAÐUR VIÐUR: 8-10 fermetrar á lítra í umferð. Breytilegt eftir gljúpleika flatar, málunaraðferð og aðstæðum.

Þurrktími: Snertþurrt á um 2-4 klst. við 20°C. Lengist með lægra hitastig.

Yfirmálun: Eftir 6-8 klst. Lengist með lægra hitastig. Full harðnar á fleiri dögum.

Hitastig við áburð: Hitastig flatar skal vera milli 5°C og 30°C og 5°C yfir daggarmörkum loftis.

Eðlismassi: Um 1,0 g/ml.

Þurrefni: Um 22% af massa; um 22% af rúmmáli.

VOC-efni: Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl.A/f 130 g/l. Þessi vara inniheldur að hámarki 10 g/l.

Athugasemdir:

- Forðist að bera viðarvörn á í beinu sólskini.
- Kjörvari 22 Pallaolía þornar mun hraðar en Kjörvari 12 Pallaolía. Vinnið aðeins með lítið svæði í einu! Dragið pensil ávalt í sömu átt.
- Framkvæmið prufu til að tryggja að útlit uppfylli væntingar.
- Kjörvari 22 getur dregið fram grænan lit gagnvarnar í ljósum litum.
- Geymið í lokuðum umbúðum á þurrum og svölum stað. Má ekki frjósa.